

FRAMLEIÐSLA Á 3.000 TONNUM AF LAXI Í SJÓKVÍUM Í PATREKSFIRÐI OG TÁLKNAFIRÐI, TÁLKNAFJARÐARHREPPI OG VESTURBYGGÐ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að að framleiðsla á 3.000 tonnum af laxi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð óafturkræf umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun leggur þó til að fyrst í stað verði leyfi til eldis bundið við 1.000 tonna ársframleiðslu af laxi, sem verði síðar endurmetið í ljósi reynslunnar ef eldinu og að ekki verði leyft frekara eldi á laxi í fjörðunum til annarra aðila á meðan á reynslutíma standi.

Skipulagsstofnun telur að almennt kunni helstu umhverfisáhrif af laxeldi í sjó að stafa af laxi sem sleppi úr kvíum og gangi í veiðiár á nærliggjandi svæðum. Skipulagsstofnun telur að ef lax sleppur úr kvíum í Patreksfirði eða Tálknafirði sé líklegt að hann syndi með strandstraumi norður með Vestfjörðum, en litlar líkur séu til þess að hann syndi gegn straumi inn í Breiðafjörð eða Faxaflóa. Jafnframt eru miklar fjarlægðir til gjöfilla veiðiáa á Vesturlandi, sem dregur enn frekar úr líkum á því að eldisfiskur gangi í árnar og nái að blandast villtum laxastofnum þar. Skipulagsstofnun telur að samkvæmt viðmiðum reglugerðar nr. 105/2000 um fjarlægð sjókvíastöðva frá laxveiðiám og mörkum friðunarsvæða Breiðafjarðar og Faxaflóa séu litlar líkur á að fyrirhugað sjókvíaeldi muni hafa umtalsverð áhrif á laxveiðiár í Ísafjarðardjúpi, Breiðafirði og Faxaflóa.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í starfsleyfi verði tryggt að eldið verði á stað þar sem minnstar líkur séu á því að kvíar opnast af slysi og gerðar verði kröfur um góðan búnað, vandaðan frágang, eftirlit og reglubundið viðhald á eldisbúnaði. Þannig megi fyrirbyggja eins og kostur er að lax sleppi úr kvíum og með vönduðu eftirliti, ásamt reglubundinni vöktun á lífríki fjarðanna, megi draga úr umhverfisáhrifum fyrirhugaðs laxeldis. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að unnið sé að því að minnka óvissu um áhrif sleppilaxa á laxastofna í veiðiám landsins og telur að setja eigi skilyrði um örmerkingar á hluta seiða í sjókvíaeldi til að hægt verði að rekja uppruna laxins, ef hann sleppur og leitar í ár.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 14. janúar 2010.

INNGANGUR

Þann 27. október 2009 barst til Skipulagsstofnunar tilkynning Þórodds ehf. um framleiðslu á 3.000 tonnum af laxi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði, Tálknafjarðarhreppi og Vesturbyggð samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 1g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Tálknafjarðarhrepps, Vesturbyggðar, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar, Matvælastofnunar, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Tálknafjarðarhreppi með bréfi dags. 19. nóvember 2009, Vesturbyggð með bréfi dags. 17. nóvember 2009, Fiskistofu með bréfi dags. 16. nóvember 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 12. nóvember 2009, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 11. nóvember 2009, Matvælastofnun með bréfi dags. 13. nóvember 2009, Siglingastofnun með bréfi dags. 19. nóvember 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 24. nóvember 2009. Frekari upplýsingar bárust frá Þóroddi ehf. með bréfum dags. 30. nóvember og 3. desember 2009.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Þóroddur ehf. hefur verið með allt að 200 tonna þorskeldi í sjókvíum í Tálknafirði frá árinu 2004, en fyrir þann tíma hafði Oddi hf. og Þorsberg ehf. stundað þorskeldi í Tálknafirði (frá 1999) og Patreksfirði (frá 2003). Þóroddur ehf. fyrirhugar framkvæmdir í uppbyggingu laxeldis í fjörðunum, til viðbótar þorskeldinu, sem nemi 1.500 tonnum af laxi í hvorum firði, samtals 3.000 tonn. Reiknað sé með að Patreksfjörður og Tálknafjörður geti borið 45 tonna framleiðslu á hvern ferkílómetra hafsvæðis (skv. LENKA viðtakamati¹), sem jafngildi 3.600 tonnum. Ætlunin er að byggja upp arðbært fiskeldi með það að markmiði að auka hráefni til vinnslu á Patreksfirði og Tálknafirði og styrkja jafnframt samfélag og þjónustugreinar á svæðinu.

Áætlað er að byggja laxeldið upp á fimm árum og að árið 2015 verði heildarlífsmassi laxa í sjó um 2.500 tonn. Hrogn frá Stofnfiski hf. verði flutt í eldisstöðina á Gileyri í Tálknafirði þar sem seiðaeldið muni fara fram. Gert er ráð fyrir að öll seiði verði bólusett og þau flutt með brunnbát frá seiðastöð í eldiskvíar. Á hverju ári verði seiði sett í kvíar vor og haust og þau alin þar fram að slátrun; jafnmörg seiði í hvorum firði. Þrjú eldissvæði verði í hvorum firði og þriðja hvert ár fái hvert eldissvæði hvíld (enginn fiskur í kvíum). Fjarlægð milli eldissvæða verði minnst 1,4 km, þéttleiki laxa í kvíum verði undir 16-18 kg/m³ og uppröðun kvía, miðað við hafstrauma, tryggi gott súrefnsistreymi til eldisfisks.

Til framleiðslu á 1.500 tonnum af laxi í hvorum firði, er gert ráð fyrir að nota þurfi þrjár 70 metra kvíar (ummál) og sjö 90 metra kvíar með 8 og 12 metra dýpi á nót. Innan hvers eldissvæðis verði kvíar í einni lengju en hver um sig fest sjálfstætt, þannig að hafstraumar geti fært kvíar til sem nemi allt að 200% af þvermáli kvía. Allar kvíar verði útbúnar með búnaði til að fanga dauðan fisk (dauðfiskaháf).

¹ Gefur grófa hugmynd um getu eða möguleika hafsvæðis til þess að brjóta niður lífræn efni og næringarsólt áður en umhverfið verður fyrir áhrifum/breytist.

Gert er ráð fyrir að um 60-70% af fódri verði gefið með sjálfvirkum fódurum auk þess sem fiskurinn verði fódraður daglega með fódurbyssum frá bát. Við slátrun verði fiskurinn fluttur lifandi í brunnbát og geymdur í geymslukvím og/eða landkerum innan hafnarsvæðis í Tálknafirði þar til slátrun og pökkun fari fram í aðstöðu sem fyrirhugað sé að koma upp í Tálknafirði.

Miðað við 1.500 tonna ársframleiðslu er gert ráð fyrir að heildarlosun á köfnunarefni í hvorn fjörð verði 69 tonn á ári hverju, þar af 16 tonn í föstum úrgangi (saur og fódurleifar). Áætlað sé að 8% af eldisfiski (50 tonn) drepist yfir eldistímamann (18 mánuðir), sem falli þó ekki til botns heldur verði fangaður í háf (dauðfiskaháf) og fjarlægður. Við slátrun gæti auk þess fallið til 240 tonn af fersku slógi. Mögulegt sé að mala slóg og dauðan fisk og frysta sem hráefni í loðdýtafóður. Skemmt hráefni eða sýktan fisk sé fyrirhugað að urða á viðurkenndu urðunarsvæði í Tálknafirði.

Áhrif á landnotkun. Fram kemur að eldissvæði verði staðsett með tilliti til þess að siglingaleiðum verði ekki raskað. Eldiskvíar verði merktar með ljósabaujum í samræði við hafnaryfirvöld og Siglingamálastofnun.

Fram kemur að dregið hafi úr fiskveiðum í fjörðunum á undanförunum árum. Frá september til janúar hvert ár sé ýsa veidd í dragnót af heimamönnum. Þeim sé kunnugt um áform um stækkun á fiskeldi í fjörðunum. Meðan þorskeldi hafi verið stundað á svæðinu hafi ekki komið upp vandamál milli fiskveiða og fiskeldis og ekki séu líkur á að svo verði með tilkomu laxeldisins.

Áhrif af uppsöfnun næringarefna á sjávarbotni. Fram kemur að þar sem eldissvæði verði staðsett í Patreksfirði og Tálknafirði sé botn leirkenndur (hlutfall kornastærðar minni en 0,063 mm sé 42-90%). Almennt sé súrefnisþurrð ekki í botnseti í fjörðunum, en þó séu merki þess í innanverðum Patreksfirði (mitt á milli eldissvæða pA og pC). Með hliðsjón af norsku flokkunarkerfi fyrir eldisaðstæður verði þol botnsins við auknu álagi vegna uppsöfnunar lífræns kolvetnis miðlungs gott eða undir meðallagi gott.

Fram kemur að samkvæmt botndýraránnsóknunum, sem gerðar hafi verið í Patreksfirði og Tálknafirði árið 2002, sé fjölbreytileiki botndýrarsamfélaga góður, samkvæmt norsku flokkunarkerfi (LENKA viðtakamat). Hlutfall af burstaormum í botnsýnum hafi verið lágt, sem staðfesti að súrefnisstaða í botnseti sé almennt mjög góð. Erfitt sé þó að meta hvort 1.500 tonna framleiðsla muni raska náttúrulegu jafnvægi dýralífs í fjörðunum.

Áhrif á fisksjúkdóma. Fram kemur að frá því að þorskeldi hófst í Tálknafirði árið 1999 hafi engir fisksjúkdómar verið greindir og engin óskýrð afföll átt sér stað. Í fyrirhuguðu laxeldi sé ætlunin að draga úr hættu á sjúkdómum og hugsanlegu smiti milli kynslóða með því að hafa fjarlægð milli eldissvæða eins mikla og kostur sé (minnst 2 km í Patreksfirði, 1,4-2 km í Tálknafirði) og tryggja súrefnisstreymi með því að hafa gott bil á milli kvía. Jafnframt verði öll seiði bólusett og holdrýr og vansköpuð seiði flokkuð frá áður en þau verði sett í sjókvíar, þéttleika í eldiskvím verði haldið undir 16-18 kg/m³ og vinnutilhögun (s.s. flutningur, flokkun) hagað þannig að það stressi fiskinn sem minnst. Þá standi til að sækja um leyfi til laxeldis í Arnarfirði og verði það svæði notað ef sjúkdóma verði vart í Tálknafirði eða Patreksfirði.

Hætta á stroki úr kvím og blöndun erfða milli eldislax og náttúrulegra laxastofna. Fram kemur að þorskeldi á undanförunum árum hafi skapað þekkingu á áhættuþáttum í kvíaeldi og almennum aðstæðum til fiskeldis í fjörðunum. Marglyttur

hafi aldrei verið vandamál í Patreksfirði og Tálknafirði, m.t.t. kvíaeldis og selir hafa ekki valdið tjóni á búnaði, enda séu þar engin sellátur. Íshröngl frá lagnaðaris geti rekið út norðanverðan Tálknafjörð með yfirborðstraumi en gæta þarf þess að hafa kvíar stakar og ekki þétt saman, svo ísinn reki umhverfis og framhjá kvíum. Sjaldgæft sé að lagnaðaris myndist í Patreksfirði, en helst verði það innst í Ósafirði í botni Patreksfjarðar og geti ísinn þá rekið út fjörðinn að norðanverðu og framhjá kvíum á fyrirhuguðu eldissvæði þar. Selir hafi ekki valdið tjóni á búnaði, enda séu engin selalátur í fjörðunum.

Fram kemur að engar laxveiðiar séu í Patreksfirði eða Tálknafirði, en næstu náttúrulegu laxveiðiar séu í Dölum og Borgarfirði og í innanverðu Ísafjarðardjúpi. Til að lágmarka hættu á að laxar sleppi úr sjókvíum verði ströngustu viðurkenndu stöðlum beitt við frágang á festingum, kvíum og eldisnótum. Á svæðinu séu ríkjandi óveðursáttir úr norðri og norðaustri og verði tekið mið af því við staðsetningu kvía, svo draga megi úr hættu á slysasleppingum vegna óveðurs.

Fram kemur að samkvæmt niðurstöðum norskra rannsókna muni ungur strokulax synda með ríkjandi hafstraumum út á opið haf og þegar hann verði kynþroska leiti hann í ferskvatn í nágrenni við sleppistað. Stór strokulax hafi litlar lífslíkur. Ef slíkur lax sleppi úr kvíum um vor eða sumar sé líklegt að hann leiti í ár nærri sleppistað, en sleppi hann hins vegar um haust eða vetur muni hann syndi út á opið úthaf. Af þessu megi draga þá ályktun að laxveiðiar á Vesturlandi stafi lítil hætta af slysasleppingum vegna fyrirhugaðs laxeldis í Patreksfirði og Tálknafirði og hverfandi líkur séu á að eldislax valda tjóni á laxveiðihlunnindum í mörg hundruð km fjarlægð frá Patreksfjarðarflóa. Þá er bent á að þrátt fyrir umfangsmikið laxeldi í Noregi undanfarin 20 ár hafi ekki dregið úr stangveiði í norskum laxveiðiám og hlutfall eldislax í stangveiði hafi verið um 5% að meðaltali.

Vöktun og eftirlit. Fram kemur að áður en eldi hefjist liggja fyrir góð þekking á botndýrasamfélögum í Patreksfirði og Tálknafirði og einnig árstíðasveiflum í plöntusvifi, næringarefnum og eðlisþáttum sjávar þegar yfirstandandi rannsóknum ljúki. Sú þekking muni auðvelda eftirlit og vöktun á áhrifum fiskeldis á lífríki fjarðanna. Fyrirhugað sé að Náttúrustofa Vestfjarða annist vöktun á lífríki, en vöktunaráætlun liggja þó ekki enn fyrir.

Fram kemur að rúmlega milljón laxaseiðum sé sleppt í ár á Íslandi til fiskræktunar. Lítið sé fylgst með því hvernig að ræktuninni sé staðið og mögulegu genaflæði milli laxastofna. Ekki sé gerð krafa um að seiði úr fiskrækt séu örmerkt. Ef gera eigi kröfur um kostnaðarasamar örmerkingar á laxaseiðum sem sett séu í eldiskvíar þurfi að rökstyðja hvers vegna svo sé.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

Almennt. Tálknafjarðarhreppur, Vesturbyggð, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnunin, Matvælastofnun og Siglingastofnun telja ekki líkur á að framkvæmdin kunni að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt tilkynningu eigi að urða skemmt hráefni og sýktan fisk á viðurkenndu urðunarsvæði í Tálknafirði. Stofnunin telur að slík urðun sé ólögleg þar sem ekkert viðurkennt urðunarsvæði sé í Tálknafirði.

Í svari Þórodds ehf. kemur fram að verið sé að stofna sameiginlegt sorpsamlag Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar og undirbúa umsókn fyrir urðunarstað fyrir lífrænan úrgang til framtíðar.

Fornleifavernd ríkisins bendir á að ekki sé vitað um fornleifar í sjó á þeim stöðum sem fyrirhugað fiskeldi fari fram á og ólíklegt sé að fornleifar finnist þar. Bent er á að skipsflök eða hlutar úr þeim teljist til fornleifa ef þau eru 100 ára eða eldri og falli því undir þjóðminjalög.

Áhrif á landnotkun. Hafrannsóknastofnunin telur að staðsetning sjókvía muni ekki hafa teljandi áhrif á fiskveiðar eða siglingar fiskiskipa. Þá telur Siglingastofnun Íslands að áhrif framkvæmdanna á siglingar verði ekki teljandi.

Tálknafjarðarhreppur bendir á að fyrirhuguð framkvæmd kalli á breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps, þar sem svæði tB sé innan netalaga hreppsins. Uppbyggingu fiskeldis falli að meginmarkmiðum aðalskipulags um uppbyggingu atvinnulífs og atvinnumálastefnu hreppsins. Í tengslum við breytingar á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps verði kannað hvaða áhrif eldið muni hafa á aðra landnotkun á svæðinu, t.a.m. veiðar og siglingar og hvaða áhrif svæði tB hafi á hverfisverndarsvæði á Suðureyri.

Áhrif af uppsöfnun næringarefna á sjávarbotni. Hafrannsóknastofnunin bendir á að meðalstraumhraði á tveggja vikna tímabili á fyrirhuguðu eldissvæði hafi verið 3 sm/s og flesta daga hafi straumtoppar verið yfir 5 sm/s. Skilyrði á svæðinu bendi til þess að straumur sé nægilega mikill til að dreifa uppleystum úrgangsefnum. Líkur séu til þess að staðbundin áhrif á botndýralíf verði undir kvíum vegna uppsöfnunar lífræna leifa, einkum fódurleifa, en þau verði afturkræf.

Umhverfisstofnun bendir á að í þeirri rannsókn sem gerð var af norskum aðilum árið 2002 hafi ekki verið gerðar súrefnismælingar á svæðum pA og pC í Patreksfirði, þar sem Þóroddur ehf. ætli að koma fyrir laxeldiskvíum. Norðanmegin í firðinum, nálægt fyrirhuguðu svæði pB, hafi fundist brennisteinsvetni, sem líklega sé til komið vegna fiskeldis á svæðinu. Svæðið teljist vera á mörkum þess að teljast heppilegt fyrir fiskeldi þar sem súrefnismettun við hafsbotn hafi mælst 70%, en 60% súrefnismettun sé ekki talin vera hagstætt fyrir fiskeldi. Þá bendir Umhverfisstofnun á að á milli svæða pA og pC hafi mælst mikið af lífrænu kolefni (TOC) og svæðið verði flokkað sem lélegt ("dárlegt"). Einnig sýni botndýrarannsóknir frá 2002 að Patreksfjörður hafi takmarkað burðarþol innan við þröskuld á botni fjarðarins.

Umhverfisstofnun bendir á að í Tálknafirði hafi straumhraði mælst um 2,6 sm/sek, en við staðarval fiskeldis sé miðað við að straumur sé a.m.k. 5 sm/sek. Þá hafi ekki verið gerðar súrefnismælingar þar sem ætlunin sé að hafa sjókvíar í Tálknafirði. Þá er bent á að í rannsóknunum frá 2002 hafi magn lífræns kolefnis mælst hátt í Tálknafirði og svæði þar talin hafa í meðallagi til lágt burðarþol, en svæði utar í firðinum séu hagstæðari til fiskeldis.

Umhverfisstofnun bendir á að rannsóknir á svæðum í Patreksfirði og Tálknafirði árið 2002 hafi leitt í ljós að þolmörk svæðanna séu mjög breytileg og gera þurfi frekari rannsóknir til að meta þolmörg svæðisins í heild. Auka eigi stórlega eldi í fjörðunum og telji Umhverfisstofnun að líkur séu á að framkvæmdin kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif í ljósi þess að rannsóknir bendi til þess að þolmörk svæðisins og keðjuverkandi áhrif á lífríki séu ekki þekkt með afgerandi hætti.

Í svari sínu telur Þóroddur ehf. að Umhverfisstofnun fari ónákvæmlega með upplýsingar sem fram komi í skýrslu norsks fyrirtækis um rannsóknir sem gerðar voru

árið 2002. Bendir Þóroddur ehf. á að öll eldissvæði séu utan við þröskuld á sjávarbotni við Hópið í Tálknafirði og enginn þröskuldur sé í Patreksfirði. Þetta hafi verið staðfest í nýlegum fjölgeislaáætlunum. Svæði innanlega í Patreksfirði séu talin geta borið 800 tonna framleiðslu og leiði ekki til þess að súrefnisstaða undir eldiskvíum verði neikvæð. Þrenging sé hins vegar við Sandodda í Patreksfirði, sem geti hægt á sjóskiptum og skapað hættu á að lífrænar leifar safnist fyrir á dýpsta hluta sundsins að hausti, þegar svifgróður sökkvi til botns að loknu gróðurtímabili og leiði til tímabundinnar lækkunar á súrefnismettun sjávar verði. Bent er á að fundist hafi vottur af brennisteinslykt í einu botnsýni af átta í Patreksfirði, sem bendi til súrefnisþurrðar þar. Sýnið hafi verið tekið að hausti en á þeim árstíma sé mikið framboð af lífrænum leifum, sem geti skapað tímabundna súrefnisþurrð þegar ákoma næringarefna verði umfram hraða niðurbrots og útskolunar næringarefna. Mælingar á súrefni í botnsjó, sem nú standi yfir, sýni að á haustin geti súrefnismettun lækkað í u.þ.b. 80%, sem jafni sig á ný þegar frá líði. Rannsóknir frá 2002 hafi leitt í ljós fjölbreytt botndýralífi sem sýni að almennt sé súrefnisstaða mjög góð í fjörðunum og botndýrasamfélag fjölbreytt, þ.e. firðirnir séu einsleitir og í góðu jafnvægi. Ekki sé ástæða til að ætla að umfangsmeiri mælingar en nú liggi fyrir leiði annað í ljós og ekkert bendi til að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Í svari Þóroddar ehf. kemur fram að það sé hagur fyrirtækisins að framkvæmdin verði sjálfbær til langs tíma. Eldið verði byggt upp á fimm árum og meðan á því standi og næstu ár þar á eftir verði burðarþol einstakra eldissvæða rannsakað frekar. Lögð verði m.a. áhersla á að hvíla svæði reglubundið, hafa lágan þéttleika í eldiskvíum og raða kvíum upp á tiltekinn hátt. Ítrekuð er yfirlýsing um markvissa vöktun á umhverfi og stjórnun framkvæmdaþátta, en einnig lagt til að lengja megi hvíldartíma eldissvæða. Verið sé að vinna vöktunaráætlun, sem geri ráð fyrir umfangsmiklum sýnatökum af botni á þriggja ára fresti og mælingum á næringarefnum á áhrifasvæði fiskeldisins og á viðmiðunarstöðum fjarri eldissvæðum. Niðurstöður frá þessum mælingum verði notaðar til að ákveða hugsanlegar mótvægisáðgerðir.

Áhrif á fisksjúkdóma. Matvælastofnun bendir á að stofnunin vari við að gefið sé leyfi fyrir of umfangsmiklu fiskeldi innan tiltekins svæðis, því undir slíkum kringumstæðum geti verið erfitt að bregðast við ef alvarlegir smitsjúkdómar komi upp. Fyrirhuguðu eldi í Patreksfirði og Tálknafirði verði skipt niður á kvíaþyrpingar í fjörðunum, sem komi í veg fyrir að eldið verði of umfangsmikið á hverjum stað. Laxeldi af þeirri stærð sem fyrirhugað sé í fjörðunum muni ekki hafa neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang villtra fiskistofna í fjörðunum og nágrenni þeirra. Jafnframt telur Matvælastofnun að engar upplýsingar hafi komið fram sem mæli gegn því að lax- og þorskeldi sé stundað innan sama fjarðar.

Áhrif á villta fiskistofna. Hafrannsóknastofnunin bendir á að frá fyrirhuguðu eldi verði meira en 100 km í næstu laxveiðiár. Það séu Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi og Laxá í Dölum, með 300 og 1.000 laxa ársafli hver um sig. Því megi búast við að áhrif slysasleppinga á villta laxastofna verði lítil.

Fiskistofa vísar í fyrri umsagnir stofnunarinnar varðandi laxeldi í Dýrafirði og telur að áhrif fyrirhugaðs laxeldis á náttúrulega laxastofna felist í hættu á slysasleppingum úr kvíum og hugsanlegum villum strokulaxa í laxveiðiár á nærliggjandi svæðum, einkum við Breiðafjörð og Faxaflóa. Með auknum fjölda kvía og laxa í eldi aukist hættan. Bent er á að auk fyrirhugaðs stórfellds laxeldis í Patreksfirði og Tálknafirði sé áformað um 2.000 tonna lax- og regnbogasilungseldi í Dýrafirði og líklegt sé að laxeldi hefjist á öðrum svæðum á Vestfjörðum, t.d. í Arnarfirði og aðliggjandi fjörðum. Ef þetta gangi eftir gæti laxeldi á Vestfjörðum fljótlega orðið u.þ.b. 10.000

tonn á ári. Telur Fiskistofa að meta þurfi umhverfisáhrif laxeldis á Vestfjörðum, þar sem sammögnunaráhrif slíkra framkvæmda geti orðið veruleg og meta þurfi áhættu fyrir laxstofna á nærliggjandi svæðum miðað við líklegar slyssleppingar og flakk strokulaxa úr eldi. Þar sem uppbygging á laxeldi geti talist mikilvæg atvinnuuppbygging á Vestfjörðum telur Fiskistofa ekki óeðlilegt að sveitarfélög á svæðinu verði aðilar að hugsanlegu umhverfismati.

Í svari Þórodds ehf. er bent á að Fiskistofa vísi í umsögn sína vegna fyrirætlana um laxeldi í Dýrafirði, þar sem fjallað sé um hættu á lúsasmiti og erfðablöndun milli eldisfisks og náttúrulegra laxastofna. Í umsögn Fiskistofu sé þó ekki vísað til rannsókna sem gefi til kynna að eldislax hafi neikvæð áhrif eða skaði náttúrulega laxastofna. Bendir Þóroddur ehf. á að þekkt sé að erfðæfni geti blandast tímabundið milli eldislax og náttúrulegra laxastofna en lífslíkur afkomanda eldislaxa séu litlar og varanleg neikvæð áhrif eldis á náttúrulega laxastofna hafi ekki verið staðfest. Til að svo verði þurfi að koma til stórfelldar og viðvarandi slyssleppingar og slíkt hafi ekki gerst, hvorki hér á landi né erlendis. Loks bendir Þóroddur ehf. á að með hliðsjón af nýlegu leyfi til eldis á 13.000 tonnum af laxi á Austfjörðum verði ekki um að ræða stórfellt laxeldi í Patreksfirði og Tálknafirði. Ekki hafi skapast ný þekking frá þeim tíma og engin rök séu fyrir því að fyrirhugað laxeldi í Patreksfirði og Tálknafirði verði metið með tilliti til sammögnunaráhrifa af hugsanlegu laxeldi á Vestfjörðum í framtíðinni.

Þóroddur ehf. bendir á að Patreksfjörður og Tálknafjörður séu utan friðunarsvæða til verndunar á villtum laxastofnum og nokkur hundruð kílómetrar séu í næstu laxveiðia frá fyrirhuguðu eldissvæði. Kvíar verði staðsettar á skjólsælum svæðum og litlar líkur verði á að veðurfar stuðli að því að eldisfiskur sleppi úr kvíum. Mikil þekking sé á því hvaða kröfur þurfi að gera til frágangs á eldisbúnaði svo koma megi í veg fyrir að lax sleppi.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að engar þekktar fornleifar séu á framkvæmdavæðinu og ólíklegt að þær finnist þar, en til fornleifa teljast m.a. skipsflök. Minnt er á 13. gr. þjóðminjalaga ef fornleifar finnast.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða uppbyggingu á allt að 3.000 tonna laxeldi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði, Tálknafjarðahreppi og Vesturbyggð, með allt að 1.500 tonnum af laxi í hvorum firði. Laxeldið verður stundað samhliða þorskeldi í Tálknafirði, sem nú er 200 tonn á ári. Uppbygging eldisins verður í áföngum til ársins 2015, en þá verður heildarlífsmassi laxa um 2.500 tonn. Seiði verða bólusett áður en þau verða sett í kvíar, á þremur eldissvæðum í hvorum firði. Minnsta fjarlægð milli eldissvæða verður 1,4 km og kvíar festar þannig að hafstraumar geti fært kvíar til (allt að 200% af þvermáli kvía). Þéttleiki laxa í kvíum verður allt að 16-18 kg/m³ og allar kvíar með búnaði sem fangar dauðan fisk (dauðfiskaháf). Fiskur verður fóðraður með sjálfvirkum búnaði en einnig með fóðurbyssum frá bát. Áætlað er að við fullt eldi verði heildarlosun á köfnunarefni í hvorn fjörð 69 tonn á ári. Þriðja hvert ár verður hvert eldissvæði hvílt.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1g í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Við málsmeðferð Skipulagsstofnunar hefur komið fram að almennt kunnir helstu umhverfisáhrif af laxeldi að stafa af laxi sem sleppi úr kvíum og gangi í veiðiár á

nærliggjandi eða jafnvel fjarlægum svæðum. Einnig er talið að þolmörk svæðisins og keðjuverkandi áhrif á lífríki fjarðanna séu ekki þekkt með afgerandi hætti.

Fyrir liggur að dýralæknir fisksjúkdóma telur að umfang fyrirhugaðs laxeldis muni ekki skaða heilbrigði og viðgang villtra fiskistofna í fjörðunum og nágrenni þeirra og að óhætt sé að stunda lax- og þorskeldi samtímis í sama firði. Einnig liggur fyrir að ef laxar sleppa úr kvíum er ljóst að langt er í næstu laxveiðiár, sem eru í Ísafjarðardjúpi og Döllum. Þá liggur fyrir að Patreksfjörður og Tálknafjörður eru utan við friðunarsvæði Breiðafjarðar og Faxaflóa þar sem eldi laxfiska er bannað (sbr. Auglýsingu landbúnaðarráðherra nr. 460/2004). Erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós að lax sem sleppur úr eldi syndir aðallega með sjávarstraumum og ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að sleppifiskur hegði sér á annan hátt hér við land og því líklegt að hann myndi synda norður með Vestfjörðum.

Fiskistofa telur að miðað við fyrirætlanir um laxeldi í nokkrum fjörðum á Vestfjörðum þurfi að meta sammögnunaráhrif slíkra framkvæmda með tilliti til aukinnar hættu á slyssleppingum og flakki stokolaxa og áhrif þess á erfðafræði laxastofna á nærliggjandi svæðum.

Fyrir liggur að Þóroddur ehf. telur örmerkingar á laxaseiðum íþyngjandi og ef gera eigi kröfu um slíkt þurfi að rökstyðja hvers vegna svo er gert, m.a. með hliðsjón af því að ekki sé gerð krafa um slíkt í tengslum við fiskirækt í ám landsins.

Skipulagsstofnun telur að samkvæmt viðmiðum reglugerðar nr. 105/2000 um fjarlægð sjókvíastöðva frá laxveiðiám og mörkum friðunarsvæða Breiðafjarðar og Faxaflóa séu litlar líkur á að laxeldi Þórodds ehf. í Patreksfirði og Tálknafirði muni hafa umtalsverð áhrif á laxveiðiár í Ísafjarðardjúpi, Breiðafirði og Faxaflóa. Telur Skipulagsstofnun að ef fiskur sleppur úr kvíum á fyrirhuguðum eldissvæðum sé líklegt að hann syndi með strandstrami norður með Vestfjörðum, en litlar líkur séu til þess að hann syndi gegn strami inn í Breiðafjörð eða Faxaflóa. Jafnframt telur Skipulagsstofnun að fjarlægðir til gjöfilla veiðiáa á þeim svæðum séu það miklar að það dragi enn frekar úr líkum fyrir því að eldisfiskur gangi í árnar og nái að blandast villtum laxastofnum.

Skipulagsstofnun vísar í ákvörðun stofnunarinnar um matsskyldu sjókvíaeldis í Dýrafirði frá 3. júní 2009 þar sem fram kemur að óraunhæft sé að gera kröfu til eins framkvæmdaraðila að hann leggi í umfangsmiklar grunnrannsóknir á blöndun erfða milli eldislaxa og villtra laxa, sem erfitt sé að meta skv. álit Veiðimálastofnunar. Hins vegar telur Skipulagsstofnun mikilvægt að í starfsleyfi verði tryggt að eldið verði á stað þar sem minnstar líkur séu á því að kvíar opnast af slyssi og gerðar verði kröfur um góðan búnað, vandaðan frágang, eftirlit og reglubundið viðhald á eldisbúnaði. Þannig megi fyrirbyggja eins og kostur er að lax sleppi úr kvíum og draga úr mögulegri erfðamengun villtra laxastofna. Telur Skipulagsstofnun að vandað eftirlit, ásamt reglubundinni vöktun á lífríki fjarðanna, séu best til þess fallnar að draga úr umhverfisáhrifum fyrirhugaðs laxeldis.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að unnið sé að því að minnka óvissu um áhrif sleppilaxa á laxastofna í veiðiám landsins. Miðað við fullyrðingar um að flakk stokolaxa í veiðiár sé óverulegt má líta á það sem ávinning fyrir laxeldi í sjó ef tekst að leiða í ljós að hve miklu leyti sleppilax gengur í ár og í hvaða ár. Skipulagsstofnun tekur því undir álit Veiðimálastofnunar (sbr. ákvörðun um matsskyldu sjókvíaeldis í Dýrafirði frá 3. júní 2009) um að setja eigi skilyrði um örmerkingar á hluta seiða í sjókvíaeldi til að hægt verði að rekja uppruna laxins, ef hann sleppur og leitar í ár.

Fyrir liggur að Patreksfjörður og Tálknafjörður eru taldir geta borið allt að 3.600 tonna eldi og fyrirhuguð eldissvæði hafa að öllum líkindum mismunandi þolmörk. Einnig að verulegt magn lífræns kolefnis hefur mælst að hausti í botnseti á svæðum í Tálknafirði og Patreksfirði og súrefnismettun sjávar hefur mælst um 70% við botn innarlega í Patreksfirði, sem er nærri þeim mörkum sem talin eru óhagstæð fyrir fiskeldi. Mælingar sem gerðar voru á tveimur stöðum í Patreksfirði leiddu í ljós að súrefnismettun við hafsbotn var um og yfir 90% á tímabilinu 30. janúar til 28. maí 2009 og samkvæmt frekari upplýsingum frá Þóroddi ehf. fór súrefnismettun sjávar, innarlega í Patreksfirði, niður undir 70% í nokkra daga í ágúst 2009, en var á ný orðin 80-90% í byrjun september. Fyrir liggur að meðalstraumhraði sjávar í fjörðunum er um 3 sm/s og flesta daga fer hraði straumsins í u.þ.b. 5 sm/s. Þetta telur Hafrannsóknastofnunin nægjanlegan straum til að dreifa uppleystum úrgangsefnum frá eldinu og jafnframt að uppsöfnun lífrænna leifa undir kvíum muni hafa staðbundin áhrif á botndýralíf, en þau verði afturkræf.

Skipulagsstofnun telur að mælingar á straumum og súrefnismettun sjávar rími við fyrirliggjandi viðtakamat og styðji fullyrðingar um að lág súrefnismettun sé tímabundin og tengist botnfalli lífrænna leifa í kjölfar árstíðabundins gróðurtímabils í fjörðunum. Jafnframt telur Skipulagsstofnun ólíklegt að frekari rannsóknir á botndýralífi og eðlisþáttum sjávar muni skipta sköpum við að meta endanlega burðarþol eldissvæða í fjörðunum.

Samkvæmt tilkynningu má gera ráð fyrir að vegna þorskeldis í sjókvíum undanfarin ár í Tálknafirði hafi Þóroddur ehf. yfir að ráða þekkingu á hvaða kröfur eldisbúnaður þurfi að uppfylla til að lax sleppi síður úr eldiskvíum. Jafnframt að ágæt þekking sé á veðurfari, reki lagnaðaríss og almennum staðháttum við Patreksfjörð og Tálknafjörð, sem gagnast hafi við að staðsetja sjókvíar á svæðum þar sem minnst hætta sé á að eldisbúnaður verði fyrir hnjaski vegna náttúruaflla. Þá liggur fyrir að eldið mun ekki hafa teljandi áhrif á siglingar um svæðið.

Skipulagsstofnun telur að litlar líkur séu á að eldisbúnaður Þórodds ehf. skaðist vegna veðurfarslegra þátta eða umferðar skipa við eldissvæðin og að hætta á slysasleppingum eldislax vegna þessara þátta sé ásættanleg. Stofnunin bendir á að samkvæmt umsögn Tálknafjarðarhrepps stendur til að kanna hvaða áhrif eldið muni hafa á aðra landnotkun á svæðinu, t.d. veiðar og siglingar og hvaða áhrif eldissvæði tB hafi á hverfisverndarsvæði á Suðureyri. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að stefnumótun um uppbyggingu á sjókvíaeldi í fjörðum á Vestfjörðum verði unnin í tengslum við gerð svæðisskipulags.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Þórodds ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Þórodds ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að framleiðsla á 3.000 tonnum af laxi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð óafturkræf umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að gætilega verði farið af stað með laxeldi í Patreksfirði og Tálknafirði. Líkt og áður (sbr. ákvörðun um matsskyldu sjókvíaeldis í Dýrafirði frá 3. júní 2009) leggur stofnunin til að fyrst í stað verði leyfi til eldis bundið við 1.000 tonna ársframleiðslu af laxi, sem verði síðar endurmetið í ljósi reynslunnar ef eldinu.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar rekstrarleyfi Fiskistofu, skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Einnig eru þær háðar starfsleyfi frá

Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, sbr. reglugerð nr. 787/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem geti haft í för með sér mengun. Fyrirhugað eldissvæði verður að mestu utan netlaga og skipulag framkvæmdasvæðisins er því ekki fyrir hendi. Eldissvæði tB liggur innan netlaga Tálknafjarðarhrepps, sem kallar á breytingu á aðalskipulagi hreppsins. Bendir Skipulagsstofnun á að sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi innan netlaga, þ.e. 115 m frá landi miðað við stórstraumsfjöru og mannvirki sem hugsanlega verða reist síðar í tengslum við starfsemina eru bundin ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Þóroddur ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 14. janúar 2010.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson



Skipulags
stofnun